

Grunnskólinn í Stykkishólmi

# Umbótaáætlun



Gleði – Samvinna – Sjálfstæði

2021

## Inngangur

Í febrúar 2021 gerðu matsmennirnir Gunnhildur Harðardóttir og Þórdís Hauksdóttir úttekt á starfsemi Grunnskólans í Stykkishólmi. Til stóð að þær kæmu í október 2020 en þar sem Kónónaveirufaraldurinn geisaði og skólinn í hólfaskiptingu frestaðist úttektin. Þættirnir sem skoðaðir voru í fyrsta lagi stjórnun og fagleg forysta, í öðru lagi nám og kennsla, í þriðja lagi innra mat og að lokum skólabragur. Í skýrslu sem gefin var út í lok febrúar eru dregnir fram styrkleikar skólans og sett fram þau tækifæri sem eru til úrbóta.

Í mars var settur saman hópur í skólanum til þess að vinna að áætluninni. Hann var skipaður þeim Þóru Margréti Birgisdóttur, Steinunni Ölvu Lárusdóttur, Kristbjörgu Hermannsdóttur og Berglindi Axelsdóttur. Á starfsmanafundi í maí var áætlunin kynnt starfsmönnun og þeim gefið tækifæri til þess að koma með ábendingar. Einnig var áætlunin lögð fyrir í skólaráði og í skóla- og fræðslunefnd.

Grunnskólinn í Stykkishólmi þakkar þeim Gunnhildi og Þórdísi gott samstarf. Úttektin er mjög gagnleg fyrir skólastarfið í Stykkishólmi.

## Svið 1 - Stjórnun &amp; fagleg forysta

| Umbótaþáttur  | Aðgerðir skóla/sveitarfélags að umbótum  | Ábyrgð  | Hefst  | Lokið      | Endurmat   |
|---|--|---|--|------------|--|
| <b>Sérstaða skólans</b>   | Heilsueflandi grunnskóli<br>Átthagafræði<br>Útikennsla   | Heilsueflandi teymi   | Ágúst 2021   | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Kynna sérstöðu skólans fyrir foreldrum og nærsamfélagi</b>   | Víkupóstar stjórnenda og umsjónarkennara.<br>Skóla og fræðslunefnd<br>Skólaráð   | Stjórnendur<br>Heilsueflandi teymi  | Ágúst 2021   | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Skólanámskrá – aðilar skólasamfélagsins fá aðkomu að skólanámskrá</b>  | Foreldraráð / skólaráð   | Stjórnendur   | Janúar 2022  | 2023       | 2024-2025  |
| <b>Þróunarverkefni nái fótfestu</b>   | Sköpun, Hugarró (jákvæð menntun)   | Stjórnendur og verkefnastjórar  | Janúar 2022  | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Efla liðsheild</b>   | Attendus - Starfsmannafélagið UMBÓ og skapa aðstæður fyrir sameiginlega viðburði þar sem starfsmenn geta hist.   | Allt starfsfólk   | 26.apríl 2021  | Viðvarandi | Könnun á næsta skólaári (Attendus)<br>Starfsmannasamtöl<br>Starfsmannakönnun<br>apr/maí 2022 |
| <b>Niðurstöður samræmdra prófa nýttar og fylgt eftir til að bæta árangur nemenda (er í endurskoðun hjá Menntamálastofnun)</b> | Kennarar eftir stigum og meta árangur og rýna í niðurstöður og vinna umbótaáætlun  | Árgangastjórar  |  | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Reglulegt mat á kennslu og fagmennsku kennara og veita þeim endurgjöf</b>  | Útbúa áætlun fyrir skólastjóra á vettvangi, hvaða þætti á að skoða í heimsóknunum. Skólastjóri vinnur matsblað sem deilt er með kennara. Matsblaðið er lifandi skjal á milli stjórnanda og kennara. Stjórnandi gefur kennara svo kost á að koma og ræða við sig eftir heimsókn. október - samskipti / nóvember | Stjórnendur   | Október 2021   | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Samstarf við foreldra/ tillögur/ hugmyndir</b>   | Stuttar kannanir 1-2x á ári<br>Stuttar kynningar á skólastarfi vikulega í gegnum Canva<br>Fjölbreyttar kynningarleiðir m.a. Teams, samfélagsmiðlar o.fl.   | Stjórnendur   | Október 2021 /mars 2022.<br>Víkupóstur unnin í Canva.<br>Skólaárið 2022-2023 | Viðvarandi | Árlega hjá stjórnendum   |
| <b>Halda opna fundi fyrir skólasamfélagið sbr. reglugerð 1157/2008</b>  | Fræðsla fyrir foreldra á netinu / menntabúðir<br>Skólaárið 2020-21 voru fræðslufundir í samstarfi við félagsmiðstöðina, foreldrafélagið og höfum verið að nýta okkur tæknina<br>Endurskoðun á skólastefnu  | Stjórnendur og í samstarfi við formann foreldrafélagsins, æskulýðsfulltrúa og stoðþjónusta skólans. | Eftir þörfum   | Viðvarandi | Í lok skólaárs   |
| <b>Auka ánægju með stjórnun skólans</b>   | Nýr aðstoðarskólastjóri ráðinn. Í starfsmannasamtölum skólaársins 2021-2022 verður kannað hvort samstarfs og samskiptavandi starfsmanna og stjórnenda sé enn við lýði.   | Skólastjóri   | September 2021<br>Febrúar 2022   | Viðvarandi | Skólaárið 2022-2023  |

## Svið 2 - Nám &amp; kennsla

| Umbótaþáttur   | Aðgerðir skóla/sveitarfélags að umbótum  | Ábyrgð  | Hefst                                      | Lokið                                      | Endurmat  |
|--|--|---|--|--|---|
| <b>Vinna námsvísa – grunnþættir menntunar og lykilhæfni.</b>   | Námsmatsteymi vinnur að tillögum um námsvísa sem kennarar geta haft til hliðsjónar. Kennarar vinna námsvísa og skila inn fyrir 1. september ár hvert.                                  | Stjórnendur<br>Kennarar                               | Skólaárið 2021-2022<br>Skólaárið 2022-2023 | Júní 2023                                  | Júní 2024   |
| <b>Einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa stuðning ekki bara þá sem eru með fötlunargreiningu</b> | Nemendur með fötlunargreiningu fá einstaklingsnámskrá eins og hefur verið gert. Nemendur með stuðning fá möppu þar sem markmiðin og vinnan er útfyllt af kennara og stuðningsfulltrúa. | Verkefnastjóri<br>stoðþjónustu og<br>umsjónarkennarar | Skólaárið 2022-2023                        | Viðvarandi                                 | Júní 2024   |
| <b>Auka þrautseigju í námi</b>   | Unnið í anda námsmenningar leiðsagnarnáms. Unnið með fastmótandi hugarfar starfsfólks og vaxandi hugarfar nemenda.   | Allt starfsfólk                                       | Ágúst/September                            | Viðvarandi                                 | Við lok skólaárs  |
| <b>Uppeldi til ábyrgðar</b>  | Teymi fór af stað í apríl og sendi út könnun. Í framhaldi var tekin ákvörðun að kennarar og starfsfólk skólans myndu móta og vinna að sinni eigin skólastefnu.                         | Allt starfsfólk                                       | Apríl 2021                                 | Júní 2021<br>Desember 2021                 | Vor 2023  |
| <b>Leiðsagnarmat</b>   | Unnið er eftirhugmyndafræði leiðsagnarnáms á unglingsstigi og innleiðing á yngsta og miðstigi að fara af stað.   | Stjórnendur<br>Kennarar                               | Er hafið                                   | Viðvarandi                                 | Sjálfsmatsskýrsla vor 2023  |
| <b>Bráðgerðir nemendur fá nám við hæfi</b>   | Skilgreina og skoða hvaða nemendur falla inn í þennan hóp (árgangafundur)  | Árgangastjórar  | Skólaárið 2021-2022                        | Viðvarandi                                 | Stigin hittast og ræða sín á milli við lok skólaárs. Árgangafundur að vori. |
| <b>Gera ráð fyrir teymisvinnu í stundatöflu</b>  | Gefinn er tími fyrir teymisfundum á mánudögum frá kl: 14-16  | Stjórnendur   | Skólaárið 2021-22                          | Júní 2021 verður ákveðið hvað verður gert. | Júní 2022   |

|   |  |                                      |                        |            |                                |
|---|--|--------------------------------------|------------------------|------------|--------------------------------|
| Tími gefinn fyrir og eftir sund og íþróttir                             | Nýjar stundatöflur gefnar út núna í júní 2021  | Stjórnendur                          | Ágúst 2021             | Ágúst 2021 | Við lok skólaárs               |
| Gera nemendum ljóst hver hæfni og matsviðmið kennslustunda eru          | Vinnufundur (kennarafundur) um þetta og skoða hvernig allir setja þetta upp.   | Kennarar                             | Ágúst 2021             | Viðvarandi | Júní 2023                      |
| Nemendur fá markvissa kennslu í að setja sér markmið                    | Kennarar þjálfa nemendur í þessari færni í upphafi nýs viðfangsefnis/verkefnis   | Kennarar                             | Janúar 2022            | Viðvarandi | Júní 2023                      |
| Auka vitund nemenda um sjálfa sig sem námsmenn/þekkinga styrkleika sína | Umræður á kennarafundum<br>Allir að lesa Leiðsagnarnám eftir Nönnu Kristínu Christiansen, sett inn í Starfsþróunaráætlun. Kennarar veita nemendum tækifæri til að taka kannanir þar sem þeir meta sig starf kennarans. | Stjórnendur<br>Kennarar              | Ágúst 2021             | Viðvarandi | Júní 2023                      |
| Auka val nemenda á námsaðferðum er henta viðfangsefni og námsstíl       | Umræður á kennarafundum.<br>Innanhúss menntabúðir með jafningjakennslu og kynningu á fjölbreyttum kennsluháttum.   | Kennarar og stjórnendur              | Nóvember 2021          | Viðvarandi | Við lok skólaárs /Skólapúlsinn |
| Upplýsingar og ákvarðanir nefnda og ráða sé kynnt öllum nemendum        | Viðtal við skólastjóra þar sem farið er yfir punkta frá skólaráði og birt í Vlkupósti skólans. Heimasíða þar sem upplýsingar koma fram.  | Stjórnandi<br>Tengiliður nemendaráðs | Janúar 2022            | Viðvarandi | Júní 2023                      |
| Teymiskennsla   | Kennslu- og rýnitymi eiga fasta fundartíma á mánudögum. Gert ráð fyrir í stundatöflugerð fyrir hvert skólaár fundartími fyrir bekkjarteymi og stigsteymi.  | Stjórnendur                          | Haut 2021<br>Júní 2022 | Viðvarandi | Júní ár hvert                  |

## Svið 2 - Innra mat

| Umbótaþáttur  | Aðgerðir skóla/sveitarfélags að umbótum  | Ábyrgð      | Hefst         | Lokið      | Endurmat         |
|---|--|-------------|---------------|------------|------------------|
| <b>Upplýsa hagsmunaaðila með formlegum hætti um innra mat</b>   | Kynnt í skólaráði, foreldrafélagi, skólanefnd, starfsmannahópi.  | Stjórnendur | Janúar 2022   | Viðvarandi | Við lok skólaárs |
| <b>Matsteymi kennara/starfsmanna/foreldra/nemenda</b>   | Kennsluteymi (skipt eftir stigum, efla starfsfólk í því sem við erum nú þegar að gera)<br>Fagteymi (læsteymi, námsmatsteymi, forvarnarteymi)<br>Sjálfsmatsteymi (foreldrar, almennir starfsmenn, kennarar, nemendur) | Stjórnendur | Nóvember 2021 | Viðvarandi | Júní 2023        |
| <b>Skólaráð komi að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun</b>   | Skólastjóri fer með umbótaráætlun í skólaráð og skólaráð fær tækifæri til þess að fara yfir og koma með ábendingar.  | Skólastjóri | Janúar 2022   | Viðvarandi | Vor 2023         |
| <b>Greinargerð árlega út frá niðurstöðum innra mats – mat á framgangi umbóta</b>  | Mat á framgangi umbóta sett inn í sjálfsmatsskýrslu skólans í lok hvers skólaárs.  | Skólastjóri | Júní 2022     | Árlega     | Við lok skólaárs |
| <b>Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati</b>   | Endurskoðum reglulega matsaðferðir sem skólinn notar nú þegar. Skólapúlsinn (nemendur og foreldrar), Starfsmannakönnun á vegum skólans og Attentus.  | Skólastjóri | Haust 2022    | Vor 2023   | Annað hvert ár   |
| <b>Gera langtímaáætlun fyrir innra mat</b>  | Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára og birt í skólanámskrá.  | Skólastjóri | Haust 2022    | Vor 2023   | Júní 2026        |
| <b>Í skýrslu um innra mat þarf að koma fram viðmið um árangur sem stefnt er að og að hve miklu leyti markmið hafa náðst</b> | Í sjálfsmatsskýrslu um innra mat sem unnin hefur verið í skólanum síðustu ár kemur fram viðmið um árangur sem stefnt er að og að hve miklu leyti og markmið hafa náðst. Haldið verður áfram að vinna með sama hætti. | Skólastjóri | Er hafið      | 3-5 ár     | 5 ár             |

## Svið 3 - Skólabragur

| Umbótaþáttur   | Aðgerðir skóla/sveitarfélags að umbótum   | Ábyrgð                                    | Hefst                  | Lokið      | Endurmat |
|--|---|---|------------------------|------------|----------|
| <b>Kennsluhættir taki mið af lýðræðislegum vinnubrögðum</b>  | Kennarar hvattir til þess að finna nýjar leiðir í lýðræðislegum vinnubrögðum í kennslu og nýta þessar leiðir. Útbúin veggspjöld allar kennslustofur um fjölbreytta kennsluhætti með upplýsingum og leiðum til úrbóta. Kennarar fylla út sjálfsmats um eigin kennsluhætti í starfsmannasamtölum. | Stjórnendur<br>Árgangastjórar<br>Kennarar | September/Október 2021 | Viðvarandi | Árlegt   |
| <b>Þjálfá nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum – samræðum og samvinnu</b>   | Fundin verða tækifæri í skólastarfinu þar sem nemendur geta haft áhrif á náms sitt og skólaumhverfi. Áframhald verði á árlegu lýðræðisþingi sem haldið hefur verið frá skólaárinu 2019  | Stjórnendur / Kennarar                    | Október 2021           | Viðvarandi | Árlegt   |
| <b>Skilgreina skólabrag sem skólinn vill viðhafa og skrásetja leiðir til að viðhalda með markmiðssetningu og viðmið um árangur</b> | Starfsfólk skólans skilgreinir þann skólabrag sem það vill viðhafa í skólanum. Gerð er áætlun hvernig skólinn ætlar að viðhalda góðum skólabrag og hann metinn í sjálfsmati skólans.  | Skólastjóri / stjórnendur                 | Október 2021           | Viðvarandi | Árlegt   |
| <b>Samræma með hvaða hætti unnið er með samskipti og agamál í skólanum</b>   | Teymi hefur fundað fimm sinnum og lagt fram könnun út í starfsmannahópinn. Á starfsmannafundi var kallað eftir framlagi starfsmanna vegna agastefnu með aðferðum Heimskaffis. Áframhaldandi vinna er í höndum árgangastjóra um endanlega stefnu.  | Starfsfólk                                | Apríl 2021             | Viðvarandi | Árlegt   |